



BOLUNGARVÍK

**Viðbragðsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar
vegna Covid-19 faraldursins**

2. nóvember 2020

Útgáfa 10

Vegna Covid-19 faraldursins verður starfsemi og þjónusta sveitarfélagsins með breyttu sniði. Þessi tilmæli gilda að óbreyttu til 17. nóvember 2020.

Bolungarvíkurkaupstaður beinir því til starfsfólks að reyna að takmarka ferðalög eins og kostur er í samræmi við tilmæli sóttvarnaryfirvalda.

Bolungarvíkurkaupstaður ætlast til þess að þeir starfsmenn sem koma frá höfuðborgarsvæðinu beri grímu á vinnustað næstu 5 virka daga eftir heimkomu.

Þeir sem eru með einkenni eiga ekki að mæta í vinnu en óska eftir skimun við Heilbrigðisstofun Vestfjarða og meðan beðið er niðurstöðu þá sé viðkomandi í úrvinnslusóttkví. Sama gildir þegar maki eða annað heimilisfólk þurfa að fara í úrvinnslusóttkví, þá eiga starfsmenn að vera í úrvinnslusóttkví þangað til niðurstaða úr skimun liggur fyrir.

Íþróttamiðstöðin Árbær

Íþróttamiðstöðin Árbær verður lokað á tímabilinu.

Tónlistarskóli Bolungarvíkur

Grímuskylda er í skólanum, bæði fyrir nemendur og kennara að undanskyldum þeim nemendum sem fæddir eru 2011 og síðar. Einnig skal gæta að 2 metra reglunni.

Leikskóli

- Starfsmenn sem koma frá höfuðborgarsvæðinu beri grímu á vinnustað næstu 5 virka daga eftir heimkomu.
- Leikskólanum verður skipt í tvö sóttvarnarhólf.
- Starfsfólk og foreldrar noti grímur í samskiptum og eins þegar ekki er hægt að tryggja 2 metra reglu við aðra starfsmenn.
- Foreldrar og forráðamenn noti grímur og skilyrt er að stoppa eins stutt við og mögulegt er í fataherbergi þegar komið er með barn og sótt.
- Aðeins eitt foreldri eða forráðamaður komi í skólann hvert sinn.
- Foreldrar hinkri úti ef margir eru inni í fataherbergi því ekki er æskilegt að fleiri en 5 séu í einu í hverju fataherbergi.
- Engin foreldraviðtöl verða í skólanum.

Grunnskóli

Allir foreldrar og forráðamenn eru beðnir um að koma ekki í skólann að óþörfu en ef þess gerist þörf þá beri þeir grímu, spritti sig, gæti vel að sóttvörnum og virði 2 metra regluna. Starfsmenn sem koma frá höfuðborgarsvæðinu beri grímu á vinnustað næstu 5 virka daga eftir heimkomu. Grímuskylda er hjá nemendum í 5. bekk og eldri bekkjum, ásamt öllum starfsmönnum, þar sem ekki er hægt að tryggja 2 m regluna.

Hafnarvog

Heimsóknir eru bannaðar. Einungis starfsmönnum hafnarinnar er heimilt að nýta húsnæði hafnarvogar á tímabilinu.

Þjónustumiðstöð í Ráðhúsi

Grímuskylða er í þjónustumiðstöðinni og viðskiptavinir eru beðnir um að virða 2 metra regluna eins og framast er unnt.

Bókakaffi Bolungarvíkur

Hanskar, grímur og spritt verða í boði við inngang. Starfsmaður tryggir 2 metra reglu og eykur þrif og afgang í hönskum. Starfsmaður bókakaffis er aðskilinn öðru starfsfólki rekstraraðila.

Félagsmiðstöðin Tópaz

Félagsmiðstöðin Tópaz verður lokað á tímabilinu.

Velferðarþjónusta

Starfsfólk beri grímu þegar ekki er hægt að virða 2 metra regluna.